

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, og laga um Stjórnarráð Íslands, ber stjórnarmálefni undir ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands sem hér segir:

#### 1. gr.

*Forsætisráðuneyti.*

Forsætisráðuneyti fer með mál er varða:

- A. Stjórnskipan, þar á meðal:
  1. Stjórnskipan lýðveldisins Íslands.
  2. Embætti forseta Íslands, þ.m.t. ákvörðun kjördags, embættisgengi og embættisbústað.
  3. Ríkisráð Íslands.
  4. Alþingi.
- B. Stjórnarráð Íslands, þar á meðal:
  1. Forystu og verkstjórn innan Stjórnarráðs Íslands.
  2. Skipun ráðherra og lausn.
  3. Skiptingu starfa og samhæfingu þeirra milli ráðherra og ráðuneyta.
  4. Ríkisstjórn og Stjórnarráð Íslands í heild, þ.m.t. ráðstöfun skrifstofuhúsa og gestahúsa ríkisstjórnarinnar.
  5. Ráðherranefndir.
  6. Stjórnarfar almennt, þ.m.t. stjórnsýslulög og upplýsingalög.
  7. Umbætur í löggjöf og stjórnsýslu.
  8. Stefnumótun og þróun stjórnsýslu.
  9. Skipulag og starfshætti.
- C. Þjóðartákn og orður, þar á meðal:
  1. Fána Íslands og ríkisskjaldarmerki.
  2. Þjóðsöng Íslendinga.
  3. Hina íslensku fálkaorðu.
  4. Önnur heiðursmerki.
- D. Annað:
  1. Almanna- og öryggismálaráð.
  2. Vísinda- og tækniráð.
  3. Þjóðlendur.
  4. Samningagerð um endurgjald fyrir nýtingu auðlinda í eigu og á forræði íslenska ríkisins.
  5. Umbreyting varnarsvæða í borgaraleg not.
  6. Rannsókn á orsökum ofanflóðs og afleiðinga þess ef manntjón hlýst af.
  7. Rannsókn á starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.
  8. Embætti ríkislögmanns.
  9. Umboðsmann barna.
  10. Þingvelli og Þingvallapjóðgarð.

## 2. gr.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneyti.*

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti fer með mál er varða:

- A. Hagstjórn, þar á meðal:
1. Mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og gerð þjóðhagsspár.
  2. Efnahagsáætlanir og samstillingu opinberrar hagstjórnar.
  3. Eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnar.
  4. Kynningu á efnahags- og hagstjórnarmálum innan lands og utan.
  5. Vexti og verðtryggingu.
  6. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.
  7. Málefni Seðlabanka Íslands.
  8. Málefni Hagstofu Íslands.
- B. Fjármálamarkaðinn, þar á meðal:
1. Fjármálafyrirtæki.
  2. Vátryggingar og vátryggingastarfsemi.
  3. Málefni verðbréfamarkaða.
  4. Lögeyri, gjaldeyri og fjármagnshreyfingar milli landa.
  5. Greiðslukerfi og greiðsluþjónusta.
  6. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
  7. Neytendalán og fjarsölu á fjármálaþjónustu.
  8. Innstæðutryggingar og málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.
  9. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
  10. Málefni Fjármálaeftirlitsins.
  11. Úrskurðar- og eftirlitsnefnd með sértækri skuldaaðlögun.
- C. Félagarétt, endurskoðendur og ársreikninga, þar á meðal:
1. Hlutafélög, einkahlutafélög, opinber hlutafélög, samvinnufélög, sameignarfélag, samlagsfélög, Evrópufélög, evrópsk samvinnufélög, evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, þó ekki skráningu þeirra.
  2. Endurskoðendur og endurskoðendaráð.
  3. Bókhald og ársreikninga.
- D. Almenn viðskiptamál, þar á meðal:
1. Samningarétt.
  2. Löggildingu viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
  3. Fyrningu.
  4. Ábyrgðarmenn.
  5. Viðskiptabréf.
  6. Innheimtu.
  7. Rafræn viðskipti, aðra rafræna þjónusta og rafrænar undirskriftir.
  8. Kauparétt: lausafjárkaup, fasteignakaup, neytendakaup og þjónustukaup.
  9. Sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.
  10. Verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.
  11. Verslunaratvinnu og viðskipti með vöru og þjónustu, aðra en útflutningsverslun.
  12. Þjónustuviðskipti.
  13. Umboðsviðskipti.
  14. Innflutning.
  15. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, þ.m.t. einkaleyfi, vörumerki, félagamerki, uppfinningar starfsmanna og hönnun.

16. Faggildingu.
  17. Samkeppnismál.
  18. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.
- E. Önnur verkefni:
1. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).
  2. Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD).
  3. Skipun fulltrúa Íslands í stjórn aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sbr. lög nr. 25/1976.

### 3. gr.

#### *Fjármálaráðuneyti.*

Fjármálaráðuneyti fer með mál er varða:

- A. Fjárreiður ríkisins og fjármál að því marki sem þau eru ekki falin öðrum aðilum, þar á meðal:
1. Stefnumörkun og langtímaáætlun í ríkisfjármálum.
  2. Forsvar og gerð frumvarps til fjárlaga, fjáráukalaga og lokafjárlaga.
  3. Skuldbindingar fram yfir fjárlagaárið, þ.m.t. rekstrar- og þjónustusamninga.
  4. Almenn eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
  5. Sjóðstýringu.
  6. Lánsfjármál og lántökur.
  7. Ríkisaðstoð, ríkisábyrgðir og styrki til einkafyrirtækja.
  8. Reikningshald ríkisins.
  9. Samhæfingu fjármála sveitarfélaga við ríkisfjármál.
- B. Eignir ríkisins, þar á meðal:
1. Fasteignir, verðbréf og hlutabréf og fyrirsvar þeirra að því marki sem þær eignir eru ekki faldar öðrum.
  2. Húsnæðismál ríkisstofnana.
  3. Bifreiðamál ríkisstofnana.
  4. Opinberar framkvæmdir.
- C. Tekjuöflun ríkisins, þar á meðal:
1. Skattamál, svo sem álagningu, uppgjör og aðra skattframkvæmd, skattrannsóknir og úrskurði í skattamálum.
  2. Tollar og vörugjöld, þ.m.t. tollgæslu og innheimtu opinberra gjalda.
  3. Aðrar tekjur ríkissjóðs, þ.m.t. arðgreiðslur, leigutekjur og ýmis gjöld.
- D. Starfsmannamál ríkisins, þar á meðal:
1. Almenna stefnumótun í mannauðsmálum ríkisins og fræðslu.
  2. Launa- og kjaramál.
  3. Launavinnslu.
  4. Löggjöf og reglur um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
- E. Lífeyrismál, þar á meðal:
1. Lífeyrismál starfsmanna ríkisins.
  2. Skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
  3. Starfsemi lífeyrissjóða að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum.
  4. Viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnað, þ.m.t. starfstengda eftirlaunasjóði.
- F. Almennar umbætur í ríkisrekstri, þar á meðal:
1. Skipulag og stjórnarhætti í ríkisstarfsemi.
  2. Opinber innkaup.
  3. Hagræðingu í ríkisrekstri og árangursstjórnun.

## G. Önnur verkefni:

1. Kröfulýsing í Þjóðlendum.
2. Verslun með áfengi og tóbak.
3. Skráning fyrirtækja og félaga.
4. Fjármögnun fjölþjóðlegra lánastofnana og eigendaforsvar, þ.m.t. gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum (NBI).

## 4. gr.

*Iðnaðarráðuneyti.*

Iðnaðarráðuneyti fer með mál er varða:

## A. Atvinnuþróun og nýsköpun, þar á meðal:

1. Stuðningsþjónusta við frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.
2. Tæknirannsóknir og þróun.
3. Starfrækslu frumkvöðlasetra.
4. Fjármögnun nýsköpunarverkefna.
5. Ívilnanir vegna nýfjárfestinga og gerð fjárfestingarsamninga.
6. Opinberar fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.
7. Staðla.
8. Atvinnuþróunarfélög.

## B. Bygðamál, þar á meðal:

1. Lánastarfsemi til atvinnulífs á landsbyggðinni.
2. Gagnasöfnun og rannsóknir um byggðaðróun.
3. Bygðaaáætlun.

## C. Ferðaþjónusta, þar á meðal:

1. Mörkun ferðamálastefnu.
2. Ferðamálaráð.
3. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál.
4. Úrbætur og uppbygging á ferðamannastöðum.
5. Samninga um ferðamál.

## D. Hitaveitur, þar á meðal:

1. Gjaldskrár og reglugerðir hitaveitna.
2. Stofnstyrki til byggingar nýrra hitaveitna.

## E. Iðnað, þar á meðal:

1. Orkufrekan iðnað, þ.m.t. forræði á eldri fjárfestingarsamningum vegna stóriðju.
2. Handiðnað.
3. Verksmiðjuiðnað.
4. Starfsréttindi í iðnaði.
5. Löggildingu starfsheita í tækni- og hönnunargreinum.
6. Visthönnun vöru sem notar orku.
7. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.
8. Tilnefningu og formennsku í úthlutunarnefnd losunarheimilda.

## F. Jarðrænar auðlindir, þar á meðal:

1. Leit, rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og á, í eða undir hafsbotni.
2. Leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíuleit).
3. Vatnalög.

## G. Orkumál, þar á meðal:

1. Rannsóknir á orkulindum.
2. Umsjón með raforkumarkaði og starfsemi orkufyrirtækja.

3. Framleiðslu, flutning og dreifingu raforku.
4. Orkusparnað, nýtingu orku og orkuskipti.
5. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.
6. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.
7. Upprunaábyrgðir á raforku og orkumerkingar vöru.
8. Öryggi raforkukerfisins.

## 5. gr.

*Innanríkisráðuneyti.*

Innanríkisráðuneyti fer með mál er varða:

- A. Dómstóla, réttarfar, stjórnskipunarrétt og skaðabótarétt, þar á meðal:
  1. Dómaskipan, dómstóla aðra en Félagsdóm, réttarfar, gjafsókn, réttaraðstoð vegna nauðasamninga, lögmenn, dómtúlka og skjalabýðendur.
  2. Eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem og framkvæmd eignarnáms er eigi ber undir annað ráðuneyti.
  3. Skaðabætur utan samninga, bætur til þolenda afbrota, sanngirnibætur og niðurjöfnunarmenn sjóttjóns.
  4. Birtingu laga og stjórnvaldserinda, útgáfu Stjórnartíðinda, lagasafns og Lögbirtinga-blaðs.
- B. Réttarvörslukerfið og almannaoöryggi, þar á meðal:
  1. Meðferð ákærvalds, er það ber undir ráðherra að lögum, og eftirlit með framkvæmd ákærvalds annars.
  2. Fullnustu refsingar, fangelsi og fangavist, reynslulausn refsifanga, samfélagsþjónustu, náðun, sakaruppgjöf, uppreist æru, framsal sakamanna og gagnkvæma réttaraðstoð.
  3. Lögreglu og löggæslu, þ.m.t. gæslu landamæra, landhelgi og fiskimiða, almannavarnir, alþjóðlegt löggæslusamstarf, þ.m.t. á grundvelli Schengen samningsins.
  4. Skipströnd og vogrek, sjómælingar og sjúkortagerð.
  5. Öryggisfjarskipti, netöryggi, samræmda neyðarsímsvörun, köfun, leit og björgun og öryggisþjónustu í atvinnuskyni.
  6. Eftirlit með innflutningi, framleiðslu, útflutningi, sölu og meðferð skotvopna auk annarra vopna samkvæmt vopnalögum.
  7. Framkvæmd löggjafar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og áfengis-löggjafar sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
- C. Mannréttindi, þar á meðal: mannréttindasáttmála og persónuvernd.
- D. Persónuréttindi, þar á meðal:
  1. Málefni útlendinga að frátöldum atvinnuréttindum.
  2. Ríkisborgararétt og útgáfu vegabréfa, annarra en diplómátskra vegabréfa.
  3. Mannanöfn.
  4. Sifjarétt, erfðarétt, hjúskaparmál, ættleiðingarmál, persónurétt, lög um horfna menn og yfirfjárráð.
- E. Trúfélög og málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal:
  1. Skráningu trúfélaga, kristnisjóð, kirkjumálasjóð, sóknargjöld, utanfararstyrk presta og bókasöfn prestakalla.
  2. Kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
  3. Helgidagafrið.
- F. Almannaosningar, þar á meðal:
  1. Kjör forseta Íslands, kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, þjóðaratkvæði og aðrar almannaosningar sem eigi ber undir annað ráðuneyti.

2. Fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra.
- G. Neytendamál, þar á meðal:
  1. Eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
  2. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.
  3. Alferðir.
  4. Húsgöngu- og fjarsölusamninga.
  5. Vöruöryggi, þ.m.t. vörur unnar úr eðalmálmum.
  6. Mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.
- H. Happraættismál, þar á meðal: happraætti, veðmalastarfsemi, hlutaveltur, getraunir og almennar fjársafnanir.
- I. Málefni sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
- J. Málefni sveitarfélaga og sýslumanna, þar á meðal:
  1. Sveitarstjórnarmál, þ.m.t. stjórnsýslu og verkefni sveitarfélaga, mörk sveitarfélaga, tekjustofna og fjármál þeirra.
  2. Sýslumenn.
  3. Fasteignaskráningu og fasteignamat, þjóðskrá, lögheimilismál og almannaskráningu.
- K. Samgöngur, þar á meðal:
  1. Skipulag samgöngukerfisins, uppbyggingu, rekstur innviða, samgöngubjónustu, samgönguöryggi, samgönguvernd og rannsókn samgönguslysa.
  2. Eftirlit með skráningu og búnaði ökutækja, loftfara og skipa.
  3. Eftirlit með loftferðum, umferð ökutækja og skipa. Eftirlit með leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfi í siglingum, flugi og umferð ökutækja.
  4. Réttindamál fagaðila í samgöngum. Slysavarnaskóla sjómanna.
  5. Hafnir, sjóvarnir, vita og sjómerki og varnir gegn mengun sjávar hvað varðar skip og búnað.
  6. Eftirlit með og skráningu bílaleiga og leigubifreiða.
  7. Flugvelli, uppbyggingu, rekstur og viðhald. Skipulag loftrýmis.
  8. Vegi: lagningu, rekstur og viðhald, þ.m.t. stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, sbr. lög nr. 97/2010.
- L. Fjarskipti, þar á meðal:
  1. Innviði og öryggi rafrænna samskipta, lén og umsýsla netsins.
  2. Póstþjónustu, pósthlutninga og póstrektur.
  3. Fjarskiptaþjónustu, gagnaflutninga og fjarskiptarektur.
  4. Fjarskiptanet, þó ekki efni sem sent er á fjarskiptanetum.

## 6. gr.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með mál er varða:

- A. Fræðslumál, þar á meðal:
  1. Leikskóla.
  2. Grunnskóla.
  3. Framhaldsskóla.
  4. Háskóla.
  5. Tónlistarskóla.
  6. Framhaldsfræðslu.
  7. Listaskóla.
  8. Námskrágerð.
  9. Námsgögn.

10. Námsmat.
- B. Námsaðstoð, þar á meðal:
  1. Námslán.
  2. Námsstyrki.
- C. Vísindamál, þar á meðal:
  1. Rannsóknastarfsemi, einkum á sviði grunnrannsókna.
  2. Vísindastarfsemi sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
  3. Opinberan stuðning við vísindastarfsemi.
- D. Safnamál, þar á meðal:
  1. Bókasöfn, utan bókasafna prestakalla.
  2. Skjalasöfn.
  3. Minjasöfn.
  4. Safnasjóð.
  5. Listasöfn.
- E. Menningarminjar, þar á meðal:
  1. Fornleifar.
  2. Húsfriðun.
  3. Varðveislu menningararfsins, þ.m.t. friðun húsa, jarðfastra minja og gripa og flutning menningarverðmæta úr landi og skil þeirra til annarra landa.
- F. Listir og menningu, þar á meðal:
  1. Bókmenntir.
  2. Myndlist.
  3. Listskreytingar opinberra bygginga.
  4. Sviðslist.
  5. Tónlist.
  6. Kvikmyndir.
  7. Starfslaun listamanna.
  8. Stuðning við listir og kynningu íslenskrar listar innan lands og utan.
- G. Höfundarétt, þar á meðal:
  1. Úrskurðarnefnd höfundaréttarmála, höfundaréttarnefnd og höfundaréttarráð.
  2. Fylgiráttargjald samkvæmt höfundalögum og lögum um verslunaratvinnu.
- H. Íslensk fræði, þar á meðal:
  1. Íslenska tungu.
  2. Íslenskt táknmál.
  3. Örnefni og örnefnanefnd.
  4. Bæjanöfn.
- I. Fjölmiðla, þar á meðal:
  1. Mynd- og hljóðmiðla.
  2. Netmiðla.
  3. Prentmiðla.
  4. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.
- J. Ábyrgðarreglur og efnisréttindi á netinu, þ.m.t. höfundarétt.
- K. Íþróttamál, þar á meðal:
  1. Málefni þjóðarleikvanga.
  2. Frjáls félagasamtök.
  3. Sjóðir
  4. Íslenskar getraunir.
  5. Launasjóð stórmeistara í skák og málefni Skáksskóla Íslands.

- L. Æskulýðsmál, þar á meðal:
1. Æskulýðsráð ríkisins.
  2. Æskulýðssjóður.
  3. Frjáls félagasamtök.
- M. Lögvernduð starfsheiti, þar á meðal:
1. Starfsréttindi bókasafns- og upplýsingafræðinga.
  2. Lögverndun starfsréttinda leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.
  3. Starfsréttindi náms- og starfsráðgjafa.
  4. Viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.
- N. Erlent samstarf á sviði menntunar, menningar og vísinda.
- O. Annað, þar á meðal:
1. Félagshemili.
  2. Byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.
  3. Landgræðslustörf skólafólks.

## 7. gr.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti fer með mál er varða:

- A. Sjávarútveg, þar á meðal:
1. Rannsóknir, verndun og stjórn á nýtingu fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotsins, sem og stjórnun svæða þar sem þær eru nýtanlegar.
  2. Eftirlit með verndun og nýtingu fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotsins, sem og stjórnun svæða þar sem þær eru nýtanlegar.
  3. Stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi.
  4. Fiskvinnslu og aðra vinnslu úr sjávarfangi.
  5. Uppboðsmarkað sjávarafla.
  6. Verðlagsráð sjávarútvegsins.
- B. Landbúnað, þar á meðal:
1. Framleiðslu- og markaðsmál í landbúnaði, inn- og útflutning landbúnaðarafurða og eftirlit með slíkri starfsemi, þ.m.t. vottun á lífrænni framleiðslu í landbúnaði.
  2. Stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaði, þ.m.t. hagrannsóknir, ráðgjafar- og kynbótastarf.
  3. Nytjaskógrækt á bújörðum og landshlutaverkefni í skógrækt. Aðra landnotkun í landbúnaði, þ.m.t. framræslu og endurheimt votlendis.
  4. Ríkisjarðir, aðrar en þær sem ráðstafað hefur verið til annarra ráðuneyta.
  5. Jarðasjóð ríkisins.
  6. Almenn jarðamál samkvæmt ákvæðum í jarða- og ábúðarlögum, svo sem lausn úr landbúnaðarnotum, landskipti jarða og stofnun lögbýla.
  7. Mál er varða afrétti, fjallskil og girðingar.
  8. Nýtingu hlunninda jarða, svo sem æðardún.
  9. Inn- og útflutning dýra, plantna og erfðaefnis þeirra, varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði og yrkisrétt.
  10. Dýravelferð, aðbúnað búfjár og eftirlit með því.
- C. Fiskeldi, fiskrækt og skeldýrarækt, þar á meðal:
1. Eldi hvers konar nytjastofna í sjó eða ferskvatni, skipulag og eftirlit með því.
  2. Veiði í ám og vötnum, fiskrækt, eftirlit og önnur veiðimál, þ.m.t. Fiskræktarsjóð.
  3. Inn- og útflutning seiða og erfðaefnis.
  4. Stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í fiskeldi og fiskrækt.



## D. Matvæli og matvælaöryggi, þar á meðal:

1. Heilbrigðiseftirlit með framleiðslu, vinnslu, inn- og útflutningi og markaðssetningu matvæla og fôðurs.
2. Heilbrigði dýra, varnir gegn dýrasjúkdómum.
3. Löggildingu dýralækna og störf þeirra.
4. Heilbrigði plantna og varnir gegn plöntusjúkdómum.
5. Eftirlit með sáðvöru og áburði.
6. Stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í matvælaíðnaði, þ.m.t. málefni Matvæla-rannsóknna Íslands ohf.

## 8. gr.

*Umhverfissráðuneyti.*

Umhverfissráðuneyti fer með málefni er varða:

## A. Náttúruvernd, þar á meðal:

1. Vernd vistkerfa, líffræðilegrar fjölbreytni og erfðaauðlinda.
2. Þjóðgarða, aðra en Þingvallabjörggarð.
3. Friðlýst svæði.
4. Gerð og framkvæmd náttúruverndaráætlunar.
5. Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum vegna náttúru eða landslags.
6. Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

## B. Skógrækt og landgræðslu, þar á meðal:

1. Friðunar- og uppgræðsluáðgerðir á sviði gróður- og skógverndar.
2. Skógrækt, aðra en landshlutabundna skógrækt og skógrækt á bújörðum.
3. Jarðvegsvernd og varnir gegn landbroti.

## C. Söfnun og skráningu upplýsinga um náttúru landsins, umhverfissrannsóknir og umhverfisvöktun.

## D. Söfnun upplýsinga um málefni norðurslóða.

## E. Vatnsvernd.

## F. Mengunarvarnir, þar á meðal:

1. Hljóðvist.
2. Varnir gegn mengun hafs og stranda.
3. Mengun jarðvegs.
4. Meðhöndlun úrgangs og úrvinnslugjald.
5. Fráveitur og skólþ.
6. Stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

## G. Loftslagsvernd, þar á meðal:

1. Losun gróðurhúsalofttegunda.
2. Loftgæði.

## H. Hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þar á meðal öryggisþætti tengda þeim.

## I. Efni og efnavörur, þar á meðal eiturefni og hættuleg efni.

## J. Skipulagsmál, þar á meðal gerð landnýtingaráætlana og landskipulagsstefnu.

## K. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun.

## L. Mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda.

## M. Upplýsingarétt um umhverfismál.

## N. Landmælingar og grunnkortagerð.

## O. Mannvirki, þar á meðal:

1. Eftirlit með mannvirkjum og gerð þeirra.
2. Brunavarnir.

3. Eftirlit með byggingarvörum.
  4. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum.
- P. Veður og náttúruvá, þar á meðal:
1. Veðurþjónustu.
  2. Vöktun á náttúruvá.
  3. Varnir gegn ofanflóðum.
  4. Fjarkönnun og mælingar og rannsóknir á vatnafari landsins.
- Q. veiðistjórnun, dýravernd og alþjóðaverslun með villt dýr og plöntur, þar á meðal:
1. Stjórnun veiða, vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra, annarra en sjávarspendýra.
  2. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu.
- R. Erfðabreyttar lífverur.
- S. Framkvæmd alþjóðasamninga um umhverfismál.

## 9. gr.

*Utanríkisráðuneyti.*

Utanríkisráðuneyti fer með mál er varða:

- A. Utanríkismál, þar á meðal:
1. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
  2. Sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur Íslands erlendis.
  3. Sendiráð og ræðisskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
  4. Skipti við erlend ríki, þ.m.t. norræna samvinnu.
  5. Réttindi Íslendinga og íslenska hagsmuni erlendis.
  6. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra og framkvæmd tiltekinna samninga, sbr. m.a. lög nr. 90/1994, 57/2000, 93/2008 og 58/2010.
  7. Aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum er varða opinbera hagsmuni og eigi ber undir annað ráðuneyti samkvæmt ákvæðum þessa úrskurðar eða eðli máls. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.
  8. Diplómatiske vegabréf, þjónustuvegabréf og áritun vegabréfa.
  9. Kynningu Íslands og íslenskra efna með öðrum þjóðum, sbr. m.a. lög nr. 38/2010, nema slík mál séu lögð til annars ráðuneytis.
  10. Varnarmál, aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO), varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, samskipti og samstarf við erlend ríki, hermálafyrirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, varnarsvæði, öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli og önnur öryggissvæði, þ.m.t. skipulags- og mannvirkjamál, rekstur mannvirkja og eigna Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, þ.m.t. íslenska ratsjár- og loftvarnakerfið (IADS).
  11. Útflutningsverslun.
  12. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.
  13. Skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök.
  14. Vörusýningar erlendis.
  15. Þróunarsamvinnu, friðargæslu og neyðarhjálp.

## 10. gr.

*Velferðarráðuneyti.*

Velferðarráðuneyti fer með mál er varða:

- A. Velferðar- og fjölskyldumál, þar á meðal:
1. Félagshjónustu sveitarfélaga.
  2. Málefni fatlaðs fólks.

3. Barnavernd.
  4. Málefni aldraðra.
  5. Málefni innflytjenda og flóttafólks.
  6. Lífeyristryggingar almannatrygginga.
  7. Slysatryggingar almannatrygginga.
  8. Félagslega aðstoð.
  9. Skuldamál heimilanna.
  10. Sjúklingatryggingu.
  11. Málefni langveikra og alvarlega fatlaðra barna.
  12. Ættleiðingarstyrki.
  13. Fjárhagsaðstoð við lifandi líffæragjafa.
- B. Heilbrigðismál, þar á meðal:
1. Heilbrigðisþjónustu.
  2. Sjúkratryggingar.
  3. Málefni sjúklinga.
  4. Lýðheilsu og forvarnir.
  5. Sóttvarnir.
  6. Geislavarnir.
  7. Heilsugæslu.
  8. Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir.
  9. Uppbyggingu og þjónustu á hjúkrunarheimilum.
  10. Endurhæfingarstarfsemi og meðferðarstofnanir.
  11. Lyf.
  12. Ávana- og fikniefni.
  13. Lækningatæki.
  14. Brottnám líffæra.
  15. Lífsýnasöfn.
  16. Sjúkraskrár og gagnasöfn á heilbrigðissviði.
  17. Tækniþróun.
  18. Lífvísindi, þ.m.t. vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.
  19. Ákvörðun dauða.
  20. Starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu og löggildingu starfsheita í heilbrigðisgreinum.
  21. Málefni græðara.
- C. Húsnæði, þar á meðal:
1. Íbúðalán samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.
  2. Húsaleigumál, þ.m.t. stuðningsaðgerðir við uppbyggingu félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka og húsaleigubætur.
  3. Húsnæðissamvinnufélög, byggingarsamvinnufélög og fjöleignarhús.
  4. Fristundabyggð og leigu lóða undir fristundabyggð.
- D. Vinnumarkað, þar á meðal:
1. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, þ.m.t. orlof, starfsmenn í hlutastörfum, tíma- bundnar ráðningar, hópuppsagnir, starfsmannaleigur og samskipti við aðila vinnumarkaðarins.
  2. Félagsdóm.
  3. Félagsmálaskóla alþýðu.
  4. Sáttastörf í vinnudeilum.
  5. Aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
  6. Vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

7. Vinnumarkaðsaðgerðir, þ.m.t. vinnumiðlun, mat á vinnufærni atvinnuleitenda, skipulag vinnumarkaðsúrræða og atvinnutengda endurhæfingu.
  8. Atvinnuleysistryggingar.
  9. Atvinnuréttindi útlendinga.
  10. Ábyrgð á launum við gjaldþrot.
  11. Fæðingar- og foreldraorlof.
- E. Jafnréttismál.

11. gr.

*Ágreiningur.*

Málefni, sem eigi er getið í 1.-10. gr. skulu lögð til ráðuneytis þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima.

Nú leikur vafi á hvaða ráðuneyti skuli með mál fara, og sker forsætisráðherra þá úr.

12. gr.

*Gildistaka.*

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007.

*Gjört á Bessastöðum, 28. september 2011.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhanna Sigurðardóttir.*